

Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku í dreifbýli 2022

Skýrsla til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra



Október
2022

Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku í dreifbýli 2022

Skýrsla til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Október
2022

Ritstjórn:
Benedikt Guðmundsson
Jón Ragnar Guðmundsson

Útgefandi:
Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík
Sími: 569 6000, Fax, 568 8896
Tölvupóstur: os@os.is
Vefsíða: <http://www.os.is/>
Hönnun og uppsetning: Baldur Pétursson, Orkustofnun
Yfirllestur: Þórunn Erla Sighvats

Þessi skýrsla er gefin út á vef Orkustofnunar
Efni skýrslunnar má nota, en þess er óskað að heimildar sé getið.

OS-2022-02
ISBN 978-9979-68-593-7

Október 2022

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
2	NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2021	5
2.1	VIÐFANG 111 – NIÐURGREIÐSLUR Á HITUN ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS	5
2.1.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	5
2.2	VIÐFANG 112 – JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU	6
2.3	VIÐFANG 113 – NOTENDUR UTAN SAMVEITNA	6
2.4	NIÐURSTAÐA FJÁRLAGALIÐAR 14-511 Á ÁRINU 2021	6
3	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2022	7
3.1	SUNDURLIÐUN FJÁRLAGALIÐAR 14-511 ÁRIÐ 2022	7
3.2	VIÐFANG 111 – NIÐURGREIÐSLUR Á HITUN ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS	7
3.2.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	7
3.2.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA HEIMARAFSTÖÐVA	8
3.2.3	STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÖFLUNAR	8
3.2.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM	8
3.2.5	ORKUSPARNAÐARÁTAK	8
3.2.6	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2022	9
3.3	VIÐFANG 112 – JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU	9
3.4	VIÐFANG 113 – NOTENDUR UTAN SAMVEITNA	9
4	FRUMDRÖG AÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2023	9
4.1	SUNDURLIÐUN FJÁRLAGALIÐAR 14-511 ÁRIÐ 2023 SAMKVÆMT FJÁRLAGAFRUMVARPI	9
4.2	VIÐFANG 111 – NIÐURGREIÐSLUR Á HITUN ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS	10
4.2.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	10
4.2.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA HEIMARAFSTÖÐVA	10
4.2.3	STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÖFLUNAR	10
4.2.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM	11
4.2.5	ORKUSPARNAÐARÁTAK	11
4.3	VIÐFANG 112 – JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU	11
4.4	VIÐFANG 113 – NOTENDUR UTAN SAMVEITNA	12
5	NIÐURLAG	12

TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1: NIÐURSTAÐA VIÐFANGS 111 Á ÁRINU 2021 Í M.KR.	5
TAFLA 2: NIÐURSTAÐA OG SKIPTING VIÐFANGS 112 MILLI DREIFIVEITNA Á ÁRINU 2021 Í M.KR.	6
TAFLA 3: NIÐURSTAÐA VIÐFANGS 112 Á ÁRINU 2021 Í M.KR.	6
TAFLA 4: NIÐURSTAÐA FJÁRLAGALIÐAR 14-511 EFTIR VIÐFÖNGUM Á ÁRINU 2021 Í M.KR.	6
TAFLA 5: SKIPTING FJÁRLAGALIÐAR 14-511 OG FÉ TIL RÁÐSTÖFUNAR FYRIR ÁRIÐ 2022	7
TAFLA 6: VIÐFANG 111 - NIÐURGREIÐSLUR Á HITUN ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS Á ÁRINU 2022	7
TAFLA 7: ÁÆTLAÐAR GREIÐSLUR STOFNSTYRKJA TIL HITAVEITNA ÁRIÐ 2022	8
TAFLA 8: RÁÐSTÖFUNARFÉ VIÐFANGS 112 FYRIR ÁRIÐ 2022, STAÐAN 31.08.2022	9
TAFLA 9: VIÐFANG 113 - NOTENDUR UTAN SAMVEITNA 2022.....	9
TAFLA 10: RÁÐSTÖFUN FJÁRLAGALIÐAR 14-511 ÁRIÐ 2023 SAMKVÆMT FJÁRLAGAFRUMVARPI	10
TAFLA 11: FRUMDRÖG AÐ SKIPTINGU VIÐFANGS 111 AF FJÁRLAGALIÐ 14-511 FYRIR ÁRIÐ 2023	10
TAFLA 12: ÁÆTLAÐAR GREIÐSLUR STOFNSTYRKJA TIL HITAVEITNA OG EINGREIÐSLUR TIL EINSTAKLINGA ÁRIÐ 2023.....	11

1 Inngangur

Raforka til húshitunar hefur verið niðurgreidd af opinberu fé frá árinu 1983. Orkustofnun er, samkvæmt lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, falið að hafa umsjón með málaflökknum og skila árlega skýrslu til þess ráðherra sem ber ábyrgð á málaflökknum, sem nú er umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Þar á að koma fram ráðstöfun fjár samkvæmt lögum þessum á næstliðnu ári. Einnig skal leggja fram endurskoðaða áætlun greiðslna yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstkomandi ár.

Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis og jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku eru hluti af fjárlagalið 14-511 (áður 04-583). Hann samanstendur af þremur mismunandi viðföngum:

- I. *Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis* er stærsta viðfang fjárlagaliðarins en ásamt því að niðurgreiða húshitun er því t.a.m. ætlað að standa straum af kostnaði við orkusparandi aðgerðir og umsjón með niðurgreiðslum húshitunarkostnaðar.
- II. *Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku* er til jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku í dreifibýli, til jafns við dýrasta þéttbýlisverð. Það er innheimt með jöfnunargjaldi á alla raforku sem fer um dreifikerfið, að undanskilinni stóriðju.
- III. *Notendur utan samveitna* er viðfang sem snýr að raforkuframleiðslu í Grímsey, Flatey og Grímsstöðum á Fjöllum, þar sem ríkissjóður greiðir allan kostnað umfram tekjur af sölu rafmagns á þessum stöðum.

Hér á eftir er að finna sundurliðaða greiningu á hve miklu fjármagni er varið til hvers viðfangs fyrir sig.

2 Niðurgreiðslur ársins 2021

2.1 Viðfang 111 – Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

2.1.1 Almennar niðurgreiðslur

Heildarmagn niðurgreiddrar orku til húshitunar með raforku og fjarvarma var 316,1 GWst árið 2021. Það er 7,3 GWst (2,3%) minna en árið 2021. Ástæður þessa helgast m.a. af veðri en einnig hefur áhrif að hitaveita var lögð á Höfn í Hornafirði þar sem áður var niðurgreidd fjarvarmaveita. Í töflu 2 er niðurstaða viðfangs 111, Niðurgreiðslur húshitunar. Almennar niðurgreiðslur eru nánast á pari, en helstu frávik liggja í stofnstyrkjum til hitaveitna og eingreiðslum til einstaklinga.

Tafla 1: Niðurstaða viðfangs 111 á árinu 2021 í m.kr.

<i>Fjárlagaliður 14-511 / viðfang 111</i>	<i>Fjárlög 2021</i>	<i>Ráðstöfun 2021</i>	<i>Mismunur</i>
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2021</i>	2.262,4	2.262,4	<i>m.kr.</i>
<i>Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna</i>	1.893,5	1.895,6	-2,1
<i>Olíu niðurgreiðslur</i>	5,4	7,1	-1,7
<i>Heimarafstöðvar, niðurgreiðslur</i>	3,6	3,3	0,3
<i>Orkusparnaður - 2,0% af fjárheimild</i>	45,2	45,2	0,0
<i>Umsjón Orkustofnun</i>	23,2	23,2	0,0
<i>Jarðhitaleit</i>			0,0
<i>Eingreiðslur til einstaklinga og önnur verkefni</i>	40,0	25,5	14,5
<i>Stofnstyrkir hitaveitur</i>	251,4	280,0	-28,5
<i>Samtals:</i>	2.262,4	2.279,9	-17,5

2.2 Viðfang 112 – Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Á fjárlögum ársins 2021 voru 1.810,8 m.kr. til ráðstöfunar til jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku í dreifbýli. Alls var ráðstafað 1.890,6 m.kr. Lokastaða viðfangsins var því 79,8 m.kr. skuld við dreifiveiturnar. Helstu ástæður fyrir framúrkeyrslunni stafa af ónákvæmni í spám dreifiveitna um dreifingu orku í dreifbýli, sem og breyttu fyrirkomulagi um mitt ár þegar farið var að niðurgreiða bæði fastagjöld og aflgjöld. Samkvæmt lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004, eru þeir fjármunir sem renna til viðfangs 112 bundnir því að fylgja fjárlagaliðnum milli ára hvort heldur það er afgangur eða tap á viðfanginu.

Tafla 2: Niðurstaða og skipting viðfangs 112 milli dreifiveitna á árinu 2021 í m.kr.

fjárlagaliður 14-511 Viðfang 112	Fjárlög m.kr.	Hlutdeild Rarik m.kr.	Hlutdeild OV m.kr.
Til ráðstöfunar M.kr.	1.810,80	1.648,50	162,3
Greitt á árinu 2021 M.kr.	1.890,60	1.730,30	160,3
Niðurstaða ársins M.kr.	-79,80	-81,80	2,00

2.3 Viðfang 113 – Notendur utan samveitna

Notendur utan samveitna teljast íbúar Grímseyjar, Flateyjar og Grímsstaða á Fjöllum. Á þessum þremur stöðum er öll raforkuframleiðsla frá díselrafstöðvum. Uppgjör viðfangsins nær til uppgjors dreifiveitnanna vegna framleiðslu á árinu 2020 en á Grímsstöðum á Fjöllum er uppgjórið vegna reksturs ársins 2021.

Tafla 3: Niðurstaða viðfangs 113 á árinu 2021 í m.kr.

Viðfang 113 notendur utan samveitna	2021
Fjárheimild skv. fjárlögum 2021	55,5
Raforkuframleiðsla Grímsey	59,1
Raforkuframleiðsla Flatey	17,3
Raforkuframleiðsla Grímsstöðum á Fjöllum	10,0
Samtals vegna raforkuframleiðslu frá díselstöðvum	86,5
Niðurstaða	-31,0

2.4 Niðurstaða fjárlagaliðar 14-511 á árinu 2021

Í töflu 1 er sýnd niðurstaða fjárlagaliðarins á árinu 2021. Gert er ráð fyrir að niðurstaða viðfangs 111 og viðfangs 113 muni falla niður en niðurstaða viðfangs 112 er, samkvæmt lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004, bundin því að fylgja fjárlagaliðnum milli ára hvort heldur það er afgangur eða tap á viðfanginu.

Tafla 4: Niðurstaða fjárlagaliðar 14-511 eftir viðföngum á árinu 2021 í m.kr.

Fjárlagaliður 14-511	Fjárlög 2021	Ráðstöfun 2021	Mismunur	Mismunur
Fjárheimild skv. fjárlögum 2021	4.128,2	4.128,2	m.kr.	%
Viðfang 111	2.262,4	2.279,9	-17,5	-0,8%
Viðfang 112	1.810,8	1.892,6	-81,8	-4,3%
Viðfang 113	55,5	86,5	-31,0	-55,8%
Niðurstaða ársins 2021	4.128,2	4.259,0	-130,8	-3,1%

Niðurstaðan fyrir viðfang 111, niðurgreiðslur húshitunar, eru innan skekkjumarka. Viðfang 112, jöfnun kostnaðar við dreifingu orku, er með 4,3% halla, en það var m.a. vegna veigamikilla breytinga á fyrirkomulagi jöfnunar og ónákvæmi í áætlanagerð dreifiveitnanna. Mikill halli fyrir

viðfang 113, notendur utan samveitna, skýrist af því að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, sem var með fjárlagaliðinn á sínu forræði þá, gerði samkomulag við dreifiveiturnar um breytingar á afskriftareglum véla og tækja sem ekki var tekið tillit til við fjárlagagerðina 2020 og engin breyting var á því gert vegna fjárlagagerðarinnar 2021.

3 Endurskoðuð áætlun ársins 2022

3.1 Sundurliðun fjárlagaliðar 14-511 árið 2022

Fjárlagaliður 14-511 samanstendur af þremur mismunandi viðföngum. Þegar búið er að taka tillit til uppgjors vegna stöðu fjárlagaliðarins í árslok 2021 lítur upphafsstaða hans út eins og fram kemur í töflu 11.

Tafla 5: Skipting fjárlagaliðar 14-511 og fé til ráðstöfunar fyrir árið 2022

Viðfang: Fjárlagaliður 14-511	Fjárlög 2022	Flutt frá 2021	Ráðstöfun 2022
111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	2.373,80		2.373,80
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu orku	2.080,80	-79,80	2001,00
113 - Notendur utan samveitna	80,50		80,50
Samtals	4.535,10	-79,80	4.455,30

3.2 Viðfang 111 – Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

3.2.1 Almennar niðurgreiðslur

Tafla 6: Viðfang 111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis á árinu 2022

Fjárlagaliður 14-511 / viðfang 111	Fjárlög 2022	Breyting /dreifb.fr.
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2022</i>	2.373,80	2.373,80
<i>Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna</i>	2.102,50	2.086,22
<i>Olíu niðurgreiðslur</i>	7,70	9,27
<i>Heimarafstöðvar, niðurgreiðslur</i>	3,60	3,55
<i>Orkusparnaður - 2,0% af fjárheimild</i>	47,50	47,50
<i>Umsjón Orkustofnunar</i>	26,40	26,40
<i>Jarðhitaleit</i>	0,00	0,00
<i>Eingreiðslur til einstaklinga og önnur verkefni</i>	30,00	30,00
<i>Stofnstyrkir hitaveitur</i>	156,10	170,85
Samtals:	2.373,80	2.373,80
Efírstöðvar	0,00	0,00

Upphafsstaða viðfangs 111 byggði á dreifbýlisframlagi síðasta árs þar sem endanlegt uppgjör dreifiveitna lá ekki fyrir. Tafla 6 sýnir upphafsstöðu, þegar fyrir lá hvert dreifbýlisframlagið yrði og hver staðan er dags 31.08.2022.

Beinar niðurgreiðslur lækka örlítið sem leiðir af sér að meira verður til ráðstöfunar í stofnstyrki en upphaflega var áætlað.

3.2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva

Niðurgreiðslur vegna heimarafstöðva hafa haldist nokkuð í takt við upphaflegar áætlanir, jafnvel aðeins lægri en áætlað var. Þróun olíuverðs hefur hinsvegar verið allt önnur en áætlanir gerðu ráð fyrir sem leiðir til hærri niðurgreiðslna. Áhrif á fjárlagaliðinn í heild eru óveruleg.

3.2.3 Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Í töflu 7 má sjá breytinguna sem verður á stofnstyrkjum m.v. fyrstu áætlun en til ráðstöfunar eru tæpar 14 m.kr. meira en ráð var fyrir gert. Þessi liður mun án vafa verða nýttur að fullu.

Tafla 7: Áætlaðar greiðslur stofnstyrkja til hitaveitna árið 2022

<i>Hitaveitufrankvæmdir 2022 - 2032</i>	<i>Heildarþörf m.kr.</i>	<i>Stofnstyrkir 2022 m.kr.</i>	<i>Greitt 31/7/2022</i>
<i>Hitaveita Húnaþings vestra - Víðidalur</i>	24,40	10,00	0,00
<i>Skagafjarðarveitur - Óslandshlíð Hjaltadal</i>	50,90	25,00	15,56
<i>Hitaveita Hraungerðishrepps</i>			2,10
<i>Höfn í Hornafirði - bein rafhitun þéttbýli</i>	359,60	70,00	66,45
<i>Höfn í Hornafirði - bein rafhitun dreifbýli</i>	235,10	62,10	46,64
<i>Melaveita Hvalfjarðarsveit/hitaveitufélag</i>	9,50	9,50	9,53
<i>Hvalfjarðarveita /hitaveitufélag</i>	39,20	20,50	0,00
<i>Norðurorka - minni frankvæmdir</i>	5,00	5,40	5,36
	723,70	202,50	145,64

Með breytingum á niðurgreiðslulögunum í júní 2022 um eingreiðslur til einstaklinga, vegna kaupa umhverfisvænum búnaði sem leiðir til bættrar orkunýtingar, hefur lítið verið greitt til dagsins í dag. Þegar öllum formlegum stjórnsýsluaðgerðum var lokið um miðjan ágúst var hafist handa að gera samninga við notendur og er áætlað að 30 m.kr. verði ráðstafað þar á árinu.

3.2.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Ráðherra, samkvæmt tillögu Orkustofnunar, tók ákvörðun um að veita ekki fjármunum til jarðhitaleitar á köldum svæðum á árinu 2022.

3.2.5 Orkusparnaðaráttak

Orkusetur hefur unnið að ýmsum verkefnum sem tengjast niðurgreiðslum á árinu. Auk almennrar ráðgjafar til notenda um orkusparnað haf ýmis sérverkefni verið unnin á árinu. Unnið hefur verið að prófunum á borvarmadælum. Lítil bor er notaður til að bora um 200 m djúpar holur og leggja varmalykkju í þær holur. Varmalykkjan nýtist í varmadælu. Þessi aðferð er gjörþekkt í nágrannalöndum okkar en hefur reynst of dýr hér á landi en verkefnið snýr að mögulegri kostnaðarlækkun til að gera þetta að raunhæfum kosti. Einnig hefur verið unnið að uppsetningu á sól- og vindorku í Grísmey til að lækka framtíðar niðurgreiðslur í raforkuframléiðslu í eynni. Tilraunaverkefni er í gangi með viðarpilluofna sem settir verða upp á nokkrum stöðum til að draga úr niðurgreiðri raf- og olíuhitun. Innleiðing á nýju eingreiðslufyrirkomulagi er í fullum gangi og m.a. er unnið að kynningarefni á nýja fyrirkomulaginu fyrir framtíðar notendur. Að lokum má nefna tilraunaverkefni með aðilum sem bjóða upp á almenna ráðgjöf og uppsetningu á varmadælum fyrir stóra hópa þ.e. samningar eru gerðir við marga notendur um samræmda uppsetningu og eftirlit með varmadælum. Hér eru um nýja nálgun á ræða sem gæti flýtt verulega fyrir innleiðingu og aukið fagmennsku og árangur.

3.2.6 Endurskoðuð áætlun ársins 2022

Ekki þykir ástæða til að breyta núverandi áætlun vegna viðfangs 111

3.3 Viðfang 112 – Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Viðfang 112 er fjármagnað með svokölluðu jöfnunargjaldi á raforku og framlagi úr ríkissjóði. Jöfnunargjaldið hækkaði um síðustu áramót, fór úr 0,34 kr./kWst í 0,41 kr./kWst fyrir forgangsorku. Til ráðstöfunar voru 2.080,8 m.kr. áður en gert var upp við dreifiveitur vegna undangengis árs sem og umsjón og eftirlit Orkustofnunar. Nú liggur fyrir uppgjör til 1. september 2022 og að óbreyttu ætti niðurstaða viðfangsins að vera innan marka svo fremi sem áætlanir dreifiveitnanna ganga eftir á síðari hluta ársins.

Tafla 8: Ráðstöfunarté viðfangs 112 fyrir árið 2022, staðan 31.08.2022

Fjárlög + jöfnunargjald 2022 M.kr.	2.080,80	RARIK	OV
Umsjón og eftirlit OS	2,15	90,60%	9,40%
Skuld við dreifiveitur 1.janúar 2022 M.kr.	79,80	81,80	-2,00
Til ráðstöfunar 2022	1.998,85	1.810,96	187,89
Greiðslur til 32/7/2022 RARIK		1195,40	125,57
Hlutfall af árgreiðslu		66,0%	66,8%

3.4 Viðfang 113 – Notendur utan samveitna

Fyrir liggur uppgjör ársins 2021 frá RARIK og OV og hljóðar það upp á 100,1 m.kr. auk reksturs á Grímsstöðum á Fjöllum til 31.08.2022. Ljóst er að þessi liður dugir engan veginn og hann á eftir að hækka um 4 til 5 m.kr. fram að áramótum.

Tafla 9: Viðfang 113 - Notendur utan samveitna 2022

Fjárlagaliður 14-511 / Viðfang 113	Upphafleg áætlun	Staða 31/7/2022
Áætluð upphafsstaða 2022	80,50	80,50
Grímsey raforkudreifing	60,00	79,43
Flatey raforkudreifing	18,00	20,7
Grímsstaðir á Fjöllum raforkudreifing	7,00	7,1
Samtals:	85,00	106,44

4 Frumdrög að áætlun ársins 2023

4.1 Sundurliðun fjárlagaliðar 14-511 árið 2023 samkvæmt fjárlagafrumvarpi

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2023 sem lagt hefur verið fyrir Alþingi er gert ráð fyrir 4.752,6 m.kr. til fjárlagaliðar 14-511. Breytingar fjárlagaliðarins í meðförum þingsins, niðurstaða ársins 2022 og tilhögun millifærslna á milli ára ráða því síðan hver endanleg upphæð verður en áætlun sú sem hér fylgir tekur mið af fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi.

Tafla 10: Ráðstöfun fjárlagaliðar 14-511 árið 2023 samkvæmt fjárlagafrumvarpi

Viðfang: Fjárlagaliður 14-511	Fjárlög 2023
111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	2.373,80
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu orku	2.290,90
113 - Notendur utan samveitna	87,90
Samtals	4.752,60

4.2 Viðfang 111 – Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

4.2.1 Almennar niðurgreiðslur

Forsendur Orkustofnun fyrir niðurgreiðslum ársins 2023 byggir á áætluðum verðbreytingum dreifiveitna, óbreyttu dreifibýlisframlagi til 1.mars og spá um hækkun þess til áramóta. Aukningu í dreifingu raforku samkvæmt raforkuspá og veðurfari á seinni hluta ársins 2022. Tafla 11 sýnir frumdrög Orkustofnunar að skiptingu viðfangs 111 af fjárlagalið 14-510 fyrir árið 2023.

Tafla 11: Frumdrög að skiptingu viðfangs 111 af fjárlagalið 14-511 fyrir árið 2023

Fjárlagaliður 14-511 / Viðfang 111	Upphæð [m.kr.]
Áætluð upphafsstaða 2023	2.373,80
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	2.131,21
Olíuhitun, niðurgreiðslur	8,00
Heimarafstöðvar, niðurgreiðslur	4,00
Orkusparnaður, 2% af fjárheimild	47,48
Orkustofnun, umsjón	26,40
Stofnstyrkir til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga	156,71
Samtals	2.373,8

Gera má ráð fyrir að verðskrár dreifiveitna og fjarvarmaveitna komi til með að hækka um allt að 10% milli ára vegna hækkandi verðbólgu en vísitala neysliverðs hækkaði um 9,3% frá sept. 2021 til sept. 2022

Þótt raforkuspá geri ráð fyrir aukningu í dreifingu orku um 2,8% þarf það ekkert endilega að þýða að raforka til húshitunar aukist í sama mæli, þar sem húshitun ræðst fyrst og síðast af veðráttunni. Orkustofnun áætlar að niðurgreiðslur vegna húshitunar aukist um 1%.

Ástæðan er sú að sífellt fleiri tengjast hitaveitu eða setja upp varmadælu sem dregur að einhverju leyti úr þeirri 2,8% aukningu sem gert er ráð fyrir í raforkuspá.

4.2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva

Reikna má með að niðurgreiðslur vegna olíuhitunar verði svipaðar og á árinu 2022 en allt ræðst það af ytri aðstæðum sem við höfum ekki nein áhrif á. Hvað varðar heimarafstöðvar þá eru engar breytingar sjáanlegar þar. Þessi liður vegur mjög lítið í heildarmyndinni.

4.2.3 Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Samkvæmt áætlun ársins eru 156,7 m.kr. til ráðstöfunar fyrir stofnstyrki og eingreiðslur til einstaklinga. Tafla 12 sýnir þær framkvæmdir sem hafa verið í gangi og þær sem reiknað er með að eigi sér stað á árinu 2023. Ógjörningur er að ákveða með nákvæmum hætti skiptingu fjármuna á þessi verkefni fyrir fram en greiðslur munu vera í samræmi við innsend gögn um tengingar.

Tafla 12: Áætlaðar greiðslur stofnstyrkja til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga árið 2023

Hitaveituframkvæmdir 2023	Heildarþörf m.kr.	Til greiðslu 2023	Eftirstöðvar m.kr.
Hitaveita Húnaþings vestra - Víðidalur	24,40	5,00	19,40
Skagafjarðarveitur - Óslandshlíð Hjaltadal	25,34	15,00	10,34
Höfn í Hornafirði - bein rafhitun þéttbýli	284,60	53,00	231,60
Höfn í Hornafirði - bein rafhitun dreifbýli	179,70	33,00	146,70
Hvalfjarðarveita /hitaveitufélag	39,20	20,71	18,49
	553,24	126,71	426,53
Eingreiðslur til einstaklinga		30,00	
Samtals Stofnstyrkir og eingreiðslur		156,71	

Þrátt fyrir að víða hafi verið rætt um nýjar hitaveitur á undanförunum árum þá eru flestar enn á byrjunarreit eða varla það. Inn á borð Orkustofnunar hafa komið fyrirspurnir um stofnstyrki á undanförunum árum án þess að verkefni hafi komist á framkvæmdarstig. Sveitarfélög eru sum hver farin að kanna möguleika á varmadælulausn fyrir sína íbúa sem kost á móti hitaveitu eða þar sem ekki er mögulegt að leggja hitaveitu. Í Tjörneshreppi er búið að setja 13 varmadælu á jafn mörg býli sem til bráðabirgða eru fjármögnuð af sveitarfélaginu og er sambærileg aðgerð í gangi í Skútustaðahreppi, hluta Hvalfjarðarsveitar og Hörgárbyggðar.

Það er mat Orkustofnunar að eingreiðslur til einstaklinga sé best heppnaða aðgerð sem ráðist hefur verið í með breytingum á lögum um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði. Aðgerðin skilar sér fjárhagslega hvað best í lækkun, eða a.m.k. að halda í horfinu, með niðurgreiðslum ríkisins ásamt því að lækka orkureikninga einstaklinga og auka framboð á raforku inn á dreifikerfið.

4.2.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Orkustofnun vinnur að skýrslu um stöðu jarðhitaleitar með það í huga að skilgreina betur rafhituð svæði til frambúðar og hvaða möguleikar eru til lækkunar húshitunarkostnaðar á þeim svæðum. Skýrslan er hugsuð sem lifandi skýrsla/verkefni sem tekur breytingum m.v. stöðuna á hverjum tíma. Unnið hefur verið að kynningu hugmynda Orkustofnunar á hverju svæði fyrir sig og óskað eftir athugasemdum.

4.2.5 Orkusparnaðaráttak

Heimilt er að leggja allt að 3% af fjárlagalið 14-511 til orkusparandi aðgerða. Eins og fram kemur í kafla 3.2.5 voru ýmis mál í gangi og gert er ráð fyrir að áframhald verði á þessum verkefnum á árinu 2023. Orkustofnun leggur til að 2% af fjárheimild ársins til viðfangs 111 verði varið í málaflokkinn í gegnum Orkusetur.

4.3 Viðfang 112 – Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2023 er gert ráð fyrir að framlag til dreifbýlisframlagsins hækki um 200 m.kr. frá árinu á undan og samtals verði til ráðstöfunar 2.290,90 m.kr. Ef niðurstaða viðfangs 112 verður á þá leið að áætlað fjármagn til niðurgreiðslu á raforku í dreifbýli verði óskert í byrjun árs má gera ráð fyrir að dreifbýlisframlagið hækki frá fyrra ári. Hafa þarf samt í huga að hækkanir dreifiveitna verða væntanlega í hærra lagi vegna aukinnar verðbólgu á árinu 2022.

4.4 Viðfang 113 – Notendur utan samveitna

Fjárlagafrumvarpið 2023 gerir nú ráð fyrir 87,9 m.kr. til notenda utan samveitna. Það er langt frá að nægja m.v.hvað greitt hefur verið á árinu 2022 en sú upphæð stefnir í 112 m.kr.

5 Niðurlag

Áætlun ársins 2023 er gróflega áætluð út frá þeim gögnum sem eru fyrir hendi og ber að taka með fyrirvara þar sem margar utanaðkomandi og óviðráðanlegar breytur geta haft áhrif á þróun mála. Dreifbýlisframlagið hefur m.a. einnig áhrif á:

- *niðurgreiðslur á húshitun*. Hærra dreifbýlisframlag → lægri niðurgreiðslur.
- *stofnstyrki til hitaveitna*. Hærra dreifbýlisframlag → lægri styrkuppþæðir. Lægri stofnstyrkir til hitaveitna í dreifbýli draga úr hagkvæmni hitaveituframkvæmdanna. Þá hefur lægra dreifbýlisframlag einnig þau áhrif að meira fjármagn þarf til beinna niðurgreiðslna á húshitun sem leiðir til þess að minna fjármagn verður til ráðstöfunar til stofnstyrkja til hitaveitna.
- Þá hefur lægra dreifbýlisframlag einnig þau áhrif að meira fjármagn þarf til beinna niðurgreiðslna á húshitun sem leiðir til þess að minna fjármagn verður til ráðstöfunar til eingreiðslna til einstaklinga.

Orkustofnun áskilur sér rétt til að endurskoða áætlun ársins 2023 þegar fjárlög ársins hafa verið samþykkt og betri upplýsingar um dreifingu ársins 2022 liggja fyrir sem og áætluð dreifing dreifiveitnanna á árinu 2023. Það mun ekki liggja fyrir fyrr en í lok febrúar eða byrjun mars og þá fyrst verður hægt að taka ákvörðun um hvert dreifbýlisframlag ársins verður. Þar til þarf að gera ráð fyrir að núverandi dreifbýlisframlag verði í gildi

